

## Tékklisti fyrir foreldra

- 🕒 Þegar þú ert óvinnufær vegna veikinda barnsins þíns, er gott að hafa í huga:
  - 1) Veikindarétt hjá atvinnurekanda. Að honum loknum.
  - 2) Veikindaréttur hjá stéttarfélagi. Þegar sá réttur klárast.
  - 3) Foreldragreiðslur hjá Tryggingarstofnun þegar allur réttur hefur verið nýttur og að uppfylltum skilyrðum. Byrjaðu á að athuga hvaða rétt þú átt hjá vinnuveitenda. (Ef barn er eldra en 13 ára þá áttu ekki rétt vegna veikinda barns, eingöngu vegna eigin veikinda).
- 🕒 Þið eigið rétt á umönnunargreiðslum / umönnunarkort hjá Tryggingarstofnun Ríkisins (TR) vegna barns með langvinnandi heilsuvanda. Læknir sendir vottorð og foreldrar fylla út umsóknareyðublað. Það þarf að passa að endurnýja mat eftir þörfum.  
**Mikilvægt er að halda utan um allar kvittanir sem sýna greiddan kostnað vegna veikinda barnsins.** Það hjálpar við rökstuðning.
- 🕒 Sækja um niðurfellingu á bifreiðagjöldum hjá TR þegar umönnunargreiðsla hefur verið samþykkt.
- 🕒 Ef foreldri er í fæðingarorlofi, er möguleiki á framlengingu vegna alvarlegra meðfæddra veikinda barna. Foreldrar þurfa að fá læknisvottorð sem er sent beint á fæðingarorlofssjóð. Foreldrar/forráðarmenn fá síðan tilkynningu með úrskurð og hversu langan tíma þau fá. Hægt er að sækja um þessi réttindi til 24 mánaða aldur barns.
- 🕒 Ef fjölskylda er búsett úti á landi, er gott að hafa í huga:
  - Endurgreiðsla á ferðakostnaði frá SÍ. Daglegar ferðir endurgreiddar fyrir ferðir 20-200 km hvor leið. Hægt er að fá nánari upplýsingar vegna endurgreiðslu á ferðakostnað á: <https://.sjukra.is/heilbrigdisthjonusta/ferdakostnadur/>
  - Lengri ferðir og endurgreiðsla flugferða takmarkast við eina ferð á viku. Sé um stuttar og ítrekaðar ferðir að ræða vegna alvarlegra sjúkdóma, endurgreiða Sjúkratryggingar einnig hluta kostnaðar. Það þarf ferðavottorð frá lækni og eyðublað um staðfestingu á komum. Skilast til umboðsmanna Sjúkratrygginga í þínu sveitarfélagi, oftast skrifstofa sýslumanns.
  - Endurgreiðsla vegna leiguíbúðar í bænum, 80% af kostnaði með ákveðnu þaki, meðan barn er inniliggjandi. Þarfnast staðfestingar á dvalartíma til að fá

endurgreitt hjá umboðsmanni Sjúkratrygginga. Ath. hvort stéttarfélagið þitt eigi íbúð í bænum sem hægt væri að fylgja. Aðilar að Aðildafélögum Umhyggju hafa aðgengi að sjúkraíbúðum þeirra. Sjá nánar á heimasíðu Umhyggju.

- 🕒 Athuga fjölskylduþryggingu hjá tryggingarfélagi fjölskyldunnar. Sjúkdómatryggingu og tryggingu vegna sjúkrahúsdvalar barns.
- 🕒 Athuga styrktar-/aðstandandafélag vegna sjúkdóms barnsins þíns þér til stuðnings og upplýsinga.
- 🕒 Dagpeningar frá Sjúkratryggingum ef farið er erlendis í lækni meðferð.
- 🕒 Sækja um úrræði í félagsþjónustu sveitarfélags. Panta tíma í ykkar sveitarfélagi.
- 🕒 Sækja um úrræði í heilsugæslu. Panta tíma hjá heimilislækni.
- 🕒 Sækja um úrræði í skólaþjónustu. Panta tíma hjá sérkennslustjóra eða deildarstjóra.
- 🕒 Möguleiki er að sækja um lækkun á álagningu skatta, útsvars og lækkun fasteignagjalda vegna umtalsverðra útgjalda foreldra vegna langvarandi veikinda barns (veikindi þarf að hafa verið til staðar samfelld í 3 mánuði eða lengur). Í skattframtali þarf að óska eftir lækkun (ívilnun) og fylla út umsóknina RSK 3.05. Þá þarf að fylgja læknisvottorð eða staðfesting stofnunar þar sem barnið fær þjónustu. Mikilvægt er að halda til haga öllum gögnum sem sýna útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað.
- 🕒 Þær fjölskyldur sem hafa orðið fyrir miklum fjárútlátum vegna lækni- og lyfjakostnaðar sem og sjúkra, iðju- og talþjálfunar geta gegn ákveðnum skilyrðum átt rétt á endurgreiðslu vegna mikils kostnaðar. Endurgreiðslan er metin út frá heildarútgjöldum vegna ofangreindra þátta auk lyfjakostnaðar með tilliti til tekna fjölskyldna eða einstaklinga. Nánari útlistun á útreikningum má sjá á vef TR undir „Endurgreiðsla vegna mikils kostnaðar“. Mikilvægt er að halda vel utan um kvittanir og láta fylgja með útskriftir úr apótekum sem sýna lyfjakaup viðkomandi fjölskyldu.
- 🕒 Gott er að skoða hvort að það sé félag sem sérhæfir sig í sjúkdómi, heilkenni eða greiningu barnsins þíns.
- 🕒 Gott er að hafa t.d. félagsráðgjafa og sálfræðing í sínu nærumhverfi. Aðilar að aðildafélaginu Umhyggju geta fengið viðtöl við sálfræðing.